



SKÓLANÁMSKRÁ STAPASKÓLA

Almennur hluti

2021 – 2026

Dalsbraut 11 | 260 Reykjanesbæ

Sími 420 1600 • stapaskoli@stapaskoli.is • www.stapaskoli.is • Kt. 470794-2169

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Inngangur.....	4
Saga skólans	5
Merki skólans	5
Upplýsingar á netinu og netfang.....	5
Stefna skólans og sýn	6
Einkunnarorð skólans	6
<i>Gleði</i>	6
<i>Vinátta</i>	7
<i>Samvinna</i>	7
<i>Virðing</i>	7
Skólasáttmáli.....	7
Kennsluaðferðir	8
Teymiskennsla.....	9
Byrjendalæsi	10
Læsi fyrir lífið	10
Könnunaraðferðin	11
Uppeldi til ábyrgðar.....	11
Grunnpættir menntunnar	12
Heilsustefna.....	13
Námsmat.....	14
Matsviðmið í lok 10. bekkjar	15

Lykilhæfni	15
Innra mat	16
Sjálfsmat grunnskóla.....	16
Sjálfsmat leikskóla	17
Matsaðferðir	18
Skilgreining á innra og ytra mati.....	18
Samstarf heimila og skóla, upplýsingamiðlun.....	19
Foreldrafélag	20
Bekkjjarfulltrúar	20
Fristundaheimili	20
Skólaráð	21
Heimanám.....	21
Mentor.....	22
Karellen.....	22
Samstarf við aðrar skólastofnanir	23
Tónlistarskóli Reykjanesbæjar	23
Samstarf við framhaldsskóla.....	23
Samstarf við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri	24
Tengsl við nærsamfélagið	24
Starfsmannastefna Stapaskóla	25
Áætlanir	26
Móttökuáætlun	26
Nýrra nemenda.....	26

Nemenda með sérparfir	26
Erlendra og tvítyngdra nemenda	27
Skólareglur	27
Forvarnarstefna - forvarnaráætlun	28
Áfengis - og fíknivarnir	29
Eineltisáætlun.....	32
Jafnréttisáætlun.....	32
Áfallaáætlun.....	33
Viðbrögð kynbundnu ofbeldi og öðru ofbeldi	35
Umhverfisáætlun	38
Viðbragðsáætlanir og rýming.....	39
Rýmingaráætlun	39
Viðbrögð við flensufaraldri.....	44
Röskun á skólastarfi vegna óveðurs	46

Inngangur

Skólanámská Stapaskóla tekur til allra þátta skólastarfsins og í henni kemur fram hvers konar hugsun og viðhorf skuli einkenna skólastarfið. Skólanámskráin er í stöðugri mótun og svo hún sé sameiginleg þeim sem hún viðkemur þurfa stjórnendur, kennarar, nemendur og foreldrar að vinna að þeim gildum og markmiðum sem sett eru fram í henni. Skólanámskrá Stapaskóla er nánari útfærsla á Aðalnámská grunn- og leikskóla aðlöguð að sérstöðu og áherslum skólans. Stapaskóli leitast við að framfylgja Menntastefnu Reykjanesbæjar þar sem auka á þátttöku nemenda í eigin námi, tryggja öryggi í leik og starfi, leggja áherslu á læsi í viðum skilningi og stuðla að merkingarbæru skapandi námi allra nemenda. Nálgastr má Menntastefnu Reykjanesbæjar á slóðinni: https://www.reykjanesbaer.is/static/files/pdf_skjol_allir/rnb-menntastefna-2016-v11.pdf

Skólanámskrá Stapaskóla skiptist í þrennt:

- Almennan hluta þar sem gert er grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggist á auk þess að útfæra þau almennu viðmið sem sett eru í Aðalnámskrám.
- Starfsáætlun skóla þar sem gert er grein fyrir starfstíma skólans og mikilvægum dagsetningum auk upplýsinga sem eru breytilegar milli skólaára.
- Bekkjanámskrár þar sem gerð er grein fyrir skipulagi náms, námsmarkmiðum, námsgögnum, námsmati og kennslutilhögun.

Saga skólans

Stapaskóli er staðsettur í Dalshverfi í Innri Njarðvík. Skólinn fékk nafn sitt eftir nafnasamkeppni fræðsluráðs Reykjanesbæjar sem haldin var haustið 2017. Nafnið vísar til staðsetningar skólans en hann er í nálægð Stapa/Vogastapa en enginn annar skóli á Íslandi ber þetta nafn. Fyrsta skóflustunga að skólanum var tekin 2. nóvember 2017. Stapaskóli hóf starfsemi sína haustið 2017 sem útibú frá Akurskóla og haustið 2019 starfaði skólinn sem sjálfstæð stofnun í bráðabirgðahúsnæði. Haustið 2020 hófst starfsemi í nýbyggingu Stapaskóla.

Merki skólans

Í október 2019 var haldin hönnunarsamkeppni vegna merkis skólans. Nemendur hittust á sal og rætt var um hvernig nemendur vilja hafa skólann og hvaða áherslum við viljum fylgja í skólastarfinu. Fjölmargar hugmyndir bárust en hönnun Gísla Stefáns, nemenda úr 5. bekk var valin sem fyrirmynd og var send til hönnuðar til nánari útfærslu. Merkið táknar fjölbreytilegt skólastarf þar sem allir nemendur eru velkomnir. Tréð á myndinni er tákn fyrir vaxandi þekkingu þar sem laufblöð vaxa og dafna eða falla af ef ekki er þörf á lengur.



Upplýsingar á netinu og netfang

Stapaskóli er með heimasíðu og er vefslóðin www.stapaskoli.is. Þar er að finna allar upplýsingar um skólann og fréttir af skólastarfinu.

Skólinn heldur einnig úti „facebook“ síðu og uppfærir hana reglulega en vefslóðin er <https://www.facebook.com/stapaskoli>

Netfang skólans er stapaskoli@stapaskoli.is

Stefna skólans og sýn

Í Stapaskóla er rík áhersla lögð á að nemendum líði vel, að þeir geti valið sér vinnuumhverfi við hæfi og að starfsfólk þjónusti þá á fjölbreyttan og skapandi hátt. Nemendur hafa þess kost að velja sér vinnuaðstæður sem þeim hentar, skólahúsgögn eru fjölbreytt þar sem þægindi og fjölbreytileiki er hafður að leiðarljósi. Allt umhverfi er sveigjanlegt og hreyfanlegt til að þjónusta nemendur á sem bestan hátt. Í hverri tvennd eru tveir árgangar þar sem fjölbreytt rými eru til afnota og í miðju tvenndar er hringur sem býður uppá margs konar notkun og kennslufyrirkomulag. Mikið er lagt uppúr samþættingu námsgreina og heilstæðum verkefnum þar sem kennarar úr mismunandi teymum vinna saman. Skólastarfið á að vera skemmtilegt og því er gleðin í hávegum höfð bæði hjá nemendum og starfsfólki. Í Stapaskóla er mikið lagt upp úr fjölbreyttri kennslu þar sem tæknin er nýtt til fullnustu. Nemendur hafa því kost á að velja sér vinnuaðstæður við hæfi og vinnutæki sem hentar hverju og einum.

Í Stapaskóla er lögð áhersla á metnaðarfullt skólastarf og að traust og virðing ríki meðal fólks. Góð samvinna starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila skólans er mikilvæg. Starfsmenn skólans ígrunda störf sín og leita sífellt leiða til frekari umbóta og stefna að því sameiginlega markmiði að bæta vellíðan og árangur nemenda á öllum sviðum. Lögð er áhersla að við skólann starfi fjölbreyttar starfsstéttir til að mæta nemendum á sem bestan hátt.

Einkunnarorð skólans

Einkunnarorð skólans eru; Gleði – Vinátta – Samvinna – Virðing. Einkunnaorðin voru valin af starfsfólki, nemendum og foreldrum.

Gleði

Í Stapaskóla er mikil áhersla á gleðina, bæði hjá nemendum og starfsfólki. Það er gaman í skólanum og það er gaman í vinnunni. Í jákvæðu umhverfi er auðveldara að læra, leika og starfa. Með gleði að leiðarljósi eykst kímni gáfa, hlátur og vellíðan.



Vinátta

Við leggjum áherslu á að sýna hvort öðru vináttu, nemendum, foreldrum og starfsfólki. Við sýnum vináttu með góðum, jákvæðum samskiptum og sýnum hvort öðru samkennd. Með því að sýna hvort öðru áhuga og erum vinaleg styrkist vináttan.

Samvinna

Stapaskóli er teymiskennsluskóli. Þar vinnur allt starfsfólk saman í teyjum að sameiginlegum markmiðum. Nemendur vinna einnig saman í hópum, þvert á hópa og jafnvel þvert á skólastig. Lögð er áhersla á hjálpsami þar sem styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín í fjölbreyttum hópi nemenda og starfsfólks.

Virðing

Virðing er að viðurkenna og taka tillit til allra í hópnum, nemenda og starfsmanna. Við sýnum virðingu með því að skilja og virða fjölbreytileika nemenda- og starfsmannahópsins. Við komum fram við aðra á sama hátt og við viljum að aðrir komi fram við okkur.

Skólasáttmáli

Í skólanum er lögð áhersla á öflugt skólasamfélag sem byggir á góðu samstarfi skólans, heimilanna og nærsamfélagsins alls. Velferð nemenda og góð námsframvinda byggir ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinna og séu virkir þátttakendur í námi þeirra og starfi. Áhersla er lögð á reglulegar upplýsingar um líðan og námsframvindu frá skóla til heimilis og einnig nána samvinnu um úrlausn vandamála sem upp kunna að koma.



Kennsluaðferðir

Í Stapaskóla er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti s.s. einstaklingsvinnu, hópavinnu, paravinnu, þemavinnu, heildstæð verkefni, samþættingu námsgreina, útikennslu, vettvangsferðir, tilraunir og umræður. Fyrri reynsla og þekking nemenda er notuð sem grunnur að áframhaldandi námi og komið er til móts við hvern og einn þar sem hann er staddur með námsefni við hæfi og einstaklingsmiðaðri kennslu. Námið er tengt reynsluheimi nemenda, umhverfi og daglegu lífi eins og frekast er unnt. Leitast er við að nemendur læri að hluta til í gegnum leik og skapandi starf sem ýtir undir betri skilning og jákvætt viðhorf til námsins. Almenn er ætlast til að nemendur sýni sjálfstæð vinnubrögð og ábyrgð á eigin námi.

Við val á kennsluháttum er stuðst við lykilhæfniviðmið aðalnámskrár grunnskóla 2013 og eftirfarandi atriði eru höfð að leiðarljósi:

- Að nemendur nái árangri í námi.
- Að nemendum líði vel og séu áhugasamir í námi.
- Að nemendur nái markmiðum sínum í námi.
- Að nemendur læri að skipuleggja nám sitt og beri ábyrgð á eigin vinnu.
- Að nemendur efli sjálfstæð vinnubrögð.
- Að nemendur efli samstarf í gegnum hópastarf.
- Að samþætta námsgreinar þegar kostur er.
- Að koma til móts við þarfir nemenda með fjölbreytilegum verkefnum sem krefjast skapandi og gagnrýnnar hugsunar.

Allir nemendur í 5. – 10. bekk fá spjaldtölvu frá skólanum til afnota í náminu. Með þeim hafa nemendur fleiri bjargir í höndunum og er þar af leiðandi hægt að leiðbeina þeim um sjálfstæðari vinnubrögð með hjálp tölvanna. Þetta felst meðal annars í því að nemendur eiga auðveldara með að halda utan um námsgögn og skipulag námsins og geta nálgast upplýsingar á auðveldan og skjótvirkan hátt. Einnig gefst nemendum með lestrarörðugleika tækifæri til að nýta sér tæknina með ýmsu móti, m.a. með því að stækka letur, breyta um lit og nota upplestrarforrit. Auðveldar reynist að einstaklingsmiða námið.



Allir kennarar hafa fartölvu og spjalddölvu til umráða og nota til þess að auka fjölbreytni í kennsluháttum. Innlögn og yfirferð námsefnis er mun auðveldari með spjalddölvum og notkun kennslumyndbanda hefur gefist vel t.d. í stærðfræði, íslensku, náttúrufræði og í stafainnlögn í lestrarkennslu. Í hverri tvennd eru snjallskjáiir sem kennarar nýta í námi nemenda og í hringjunum eru skjáiir þar sem kennarar geta verið með innlögn, fræðslu og sýnikennslu.

Á hverju ári eru gerðar bekkjanámskrár þar sem fram koma kennsluhættir í hverri grein. eru þær birtar á heimasíðu skólans.

Teymiskennsla

Teymiskennsla felur í sér sameiginlega ábyrgð tveggja eða fleiri kennara á námi nemenda, kennslu, daglegum samskiptum og samstarfi með nemendahóp. Kennarar vinna náið saman og bera sameiginlega ábyrgð á námi, líðan og kennslu nemenda. Teymiskennsla gefur kennurum og starfsfólki tækifæri til að vinna saman að verkefnum í daglegu starfi og er ein leið til að bregðast við breytilegu samfélagi. Fagleg teymi gefa kennurum og starfsfólki tækifæri til að þróa og læra í starfi, þau skapa námsumhverfi og nýjar bjargir og umræðu um kennslu og nám.

Markmið teymiskennslu eru:

- Að styrkja nemendur félagslega og að þeir læri að takast á við breytingar.
- Að nemendur verði sjálfstæðir og ábyrgir í námi sínu og læri að vinna saman í fjölbreyttum hópi.
- Að nýta fjölbreyttar kennsluaðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir, þroska og getu nemenda í einstaklingsmiðuðu námi.
- Að bæta og auka samstarf starfsfólks með aukinni faglegri samvinnu og sameiginlegri ábyrgð.
- Að efla kennara í starfi og styðja við skólaþróun.
- Að skapa heildstæða kennslu árganga þannig að litið verði á árganginn sem eina heild.

Byrjendalæsi

Í Stapaskóla hefur sú stefna verið tekin að kenna lestur samkvæmt hugmyndafræði *Byrjendalæsis* á yngsta stigi grunnskólans.

Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð í læsi í 1. - 3. bekk. Kennsluaðferðin hefur verið mótuð og þróuð við Skólapróunarsvið Háskólans á Akureyri undir forystu Rósu G. Eggertsdóttur. Viðhorf til náms og kennslu eru í anda hugsmíðahyggju. Áhersla er lögð á fjölbreytni og sveigjanleika í námsaðstæðum barnanna.

Grunnstoðir Byrjendalæsis

- Lestur, ritun, tal og hlustun eru samofnir þættir.
- Merkingabær viðfangsefni.
- Nám er félagslegt ferli.
- Unnið út frá gæðatexta.
- Einstaklingsmiðun í kennslu.
- Nám án aðgreiningar.
- Samvinna nemenda í námi.

Góðar barnabækur er sá efniviður sem unnið er með í námi og kennslu, jafnt í tæknilegri vinnu með stafi og hljóð sem og vinnu með orðaforða og skilning.

Læsi fyrir lífið

Læsi fyrir lífið er þróunarverkefni sem Stapaskóli hóf þátttöku í nú í haust. Verkefnið miðar að því að efla læsiskennslu á mið- og unglíngastigi með fjölbreyttum aðferðum. Samvirkar læsiskennsluaðferðir eru nýttar og unnið samþætt með orðaforða, lesskilning, ritun, lesfimi, samræður, tjáningu og hlustun í öllu skólalífinu, þvert á námsgreinar. Verkfæri á borð við gagnvirkan lestur, hugtakagreiningu, ritunarramma, samræður o.fl. eru nýtt til þess að efla skilning og nám nemenda.

Í verkefninu er lögð áhersla á að mæta þörfum nemenda námslega og stuðla að auknum áhuga, virkni og árangri í námi. Nemendur tileinka sér fjölbreyttar og hagnýtar aðferðir sem rannsóknir hafa sýnt að séu árangursríkar í að efla læsi.

Könnunaraðferðin

Í gegnum könnunaraðferðina læra börn með því að framkvæma (learning by doing). Forvitni og áhugi barnanna verður til að þekking myndast. Markmiðið með könnunaraðferðinni er að börnin stjórni sínu lærdómsferli, geti búið til tilgátur og leiti lausnar við vandamálum.

Könnunaraðferðin skiptist í þrjú stig. Fyrst er viðfangsefni ákveðið út frá einhverri kveikju og þekking barnanna á viðfangsefninu kannaður með hugarkorti. Á stigi tvö er þekkingarleitinn sem fer fram með ýmsum hætti svo sem vettvangsferðum, í bókum og fleira. Vinnan á stigi tvö tekur mislangan tíma og miðar út frá áhuga barnanna. Viðfangsefnið getur líka breyst og spurningum fjölgað. Á þriðja stigi ákveða börnin hvernig þau vilja miðla áfram þekkingu sinni og gera endurmat. Oft er sýning á ferlinu og afrakstrinum ef einhver er. Áherslan er þó alltaf á ferlið sjálft en ekki afraksturinn.

Uppeldi til ábyrgðar

Uppeldi til ábyrgðar eða uppbyggingarstefnan byggist á hugmyndafræði Diane Gossen frá Kanada. Stefnan gengur út á það að byggja upp sterka sjálfsmynd barna með því að börnin læri að uppfylla þarfir sínar án þess að brjóta á öðrum. En uppbyggingastefnan telur að öll höfum við fimm grunnþarfir og til þess að okkur líði vel þurfum við að uppfylla þær. Börnin læra einnig að það sé í lagi að gera mistök og hvernig við getum bætt fyrir þau.




Uppbyggingarstefnan þjálfar börnin í að vera það sem þau vilja vera en ekki bara að geðjast öðrum. Meginmarkmiðið með henni er að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga, taka ábyrgð á eigin orðum og gjörðum og læra af mistökum í samskiptum.

Uppeldi til ábyrgðar er aðferð og leið til að ýta undir:

- Jákvæð samskipti.
- Kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga.
- Taka ábyrgð á eigin orðum og gjörðum.
- Læra af mistökum í samskiptum.
- Þekkja sína styrkleika.

Grunnþarfirnar fimm samkvæmt Uppbyggingarstefnunni eru þessar:

- Tilheyra
- Frelsi
- Gleði
- Öryggi
- Áhrif



Grunnþættir menntunnar

Í aðalnámskrá leik- og grunnskóla eru skilgreindir sex grunnþættir menntunar. Grunnþættir menntunar snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að þjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa.

Grunnþættir menntunar eru:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi

- Jafnrétti
- Sköpun

Grunnpættirnir byggjast á því viðhorfi sem kemur fram í löggjöf um skóla, að unnið sé bæði að samfélagslegum markmiðum og markmiðum er varða menntun sérhvers einstaklings. Þeir eru samfélagsmiðaðir þar sem þeim er ætlað að stuðla að auknu jafnrétti og lýðræði og að vinna að því að samfélagið fái vel menntað og heilbrigt fólk. Grunnþáttunum er ætlað að undirstrika meginatriði í almennri menntun og stuðla að meiri samfelli í öllu skólastarfi. Þegar skólastarf er metið þarf að skoða hvernig grunnpættirnir setja mark sitt á kennslu, leik og nám. Grunnpættirnir eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag og vera sýnilegir í skólastarfinu öllu. Grunnpættirnir fléttast inn í námskrár á báðum skólastigum og miðar efnisval, inntak náms, kennsla og leikur af þeim.

Heilsustefna

Þátttöku í Heilsuefandi skóla er ætlað að styðja skóla í að vinna markvisst að heilsuefingu í sínu starfi. Í því felst að skapa skólaumhverfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan nemenda og starfsfólks. Samkvæmt aðalnámsskrá grunnskóla (2013) er Heilsa og velferð einn af sex grunnpáttum menntunar. Þátttaka í Heilsuefandi grunnskóla styður skóla í að innleiða þennan grunnpátt í öllu sínu starfi



Menntun er mikilvæg forsenda heilbrigðis en jafnframt er líkamlegt, andlegt og félagslegt heilbrigði og vellíðan mikilvæg forsenda náms og góðs námsárangurs. Börn sem alast upp við heilsuefingu frá unga aldri verða meðvitaðri um mikilvægi og áhrif góðrar heilsu í framtíðinni.

Stapaskóli hóf innleiðingu Heilsuefandi skóla haustið 2020. Með innleiðingu heilsuefandi skóla viljum við:

- Stuðla að góðri heilsu og líðan nemenda og starfsfólks skólans.
- Örvast til þátttöku og ábyrgðar með virðingu fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum og mannréttindum.
- Að skólaumhverfið sé öruggt og hlúi að nemendum og starfsfólki skólans.
- Flétta heilsu og velferð saman við daglegt skólastarf.
- Efla nemendur í námi og félagslífi og til að vera virkir þátttakendur í hvoru tveggja.

- Efla samstarf við heimili.
- Leitast við að gera æ betur með því að fylgjast sífellt með, meta stöðuna og endurmeta aðgerðaráætlanir.

Heilsueflandi skóli leggur áherslu á átta lykilþætti sem tengjast skólstarfinu þeir eru: nemendur, nærsamfélag, hreyfing og öryggi, mataræði og tannheilsa, heimili og fjölskylda, geðrækt, lífsleikni og starfsfólk. Í stefnu skólans er fjallað sérstaklega um þessa þætti.

Heilsustefna Stapaskóla er á [heimasiðu skólans](#).

Námsmat

Meginmarkmið skólans er að mat skal vera leiðbeinandi og hvetjandi fyrir nemandann og upplýsandi fyrir foreldra. Nemandinn fær tækifæri til að bera ábyrgð á námi sínu og meta eigin vinnu. Námsmat á að vera órjúfanlegur hluti skólstarfsins. Litið er á allt skólaárið sem eitt námsmatstímabil.

Í Stapaskóla er notast við leiðsagnarnám þar sem kennarar í daglegu starfi eru sífellt að meta nám nemenda og nemendur að meta sitt eigið nám. Matsaðferðir geta verið margvíslegar, allt frá samtali við nemanda til kannana á ákveðnum þáttum. Matið er fyrst og fremst hugsað til að aðstoða nemandann í náminu. Stuðst er við athuganir sem gerðar eru á stöðu nemandans við skólabyrjun til að skoða framfarir og staðan metin út frá verkefnum, könnunum, kynningum, verklegum og/eða skriflegum prófum sem nemendur hafa nýlega lokið.

Námsmat skólans er einstaklingsmiðað. Það þýðir að nemandinn er metinn miðað við stöðu sína í náminu en ekki er miðað við frammistöðu árgangsins. Námsmat í Stapaskóla er unnið í Mentor og geta foreldrar fylgst þar með námsframvindu barnsins síns jafnt og þétt yfir allt skólaárið. Við mælum með því að foreldrar nái sér í Mentor appið fyrir snjallsíma.

Metanleg hæfniviðmið aðalnámskrár og skólaviðmið eru til grundvallar mats á hæfni nemenda.



Matsviðmið í lok 10. bekkjar

Í lok 10. bekkjar útskrifast nemendur einnig með matsviðmið en í Aðalnámskrá grunnskóla eru sett fram matsviðmið fyrir 10. bekk fyrir námsgreinar og námsvið. Matsviðmið eru lýsing á hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni, á valdi sínu. Matsviðmið lýsa hæfni á kvarða og er notast við kvarðann: A, B+, B, C+, C, og D. Þennan matskvarða er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk.

Lykilhæfni

Lykilhæfni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans. Lykilhæfni tengist öllum námssviðum. Hún snýr að hæfni í tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýninni hugsun, sjálfstæði og samvinnu, nýtingu miðla og upplýsinga og ábyrgð og mat á eigin námi.

Lykilhæfni skiptist í fimm grunnþætti sem lagðir eru til í aðalnámskrá grunnskóla. Allir þættirnir fimm eru jafn mikilvægir en farið er misjafnlega djúpt í þá eftir aldri nemenda.

Lykilhæfniþættirnir fimm eru:

1. Tjáning og miðlun. Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.
2. Skapandi og gagnrýnin hugsun. Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdafærslu.
3. Sjálfstæði og samvinna. Hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.
4. Nýting miðla og upplýsinga. Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt.
5. Ábyrgð og mat á eigin námi. Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

Innra mat

Sjálfsmat grunnskóla

Í lögum um grunnskóla 91/2008 36 gr. eru ákvæði um innra mat skóla. Innra matið tekur til alls skólastarfsins. Með því fer fram viðtæk gagnaöflun sem veitir upplýsingar um árangur skólastarfsins og er jafnframt leið til að vinna markvisst að umbótum. Samkvæmt lögum ákveður skólinn sjálfur aðferðir við matið.

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Markmið mats og eftirlits er einkum þríþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Aðalnámskrá grunnskóla 2011, bls. 28-29

Sjálfsmat dregur fram sterkar og veikar hliðar skólans og skapar faglegan grundvöll fyrir umbætur. Matið er ein af forsendum þess að hægt sé að setja fram raunhæfar tillögur til úrbóta á veikleikum í skólastarfinu. Eftir sjálfsmat eru lagðar fram tillögur til úrbóta og gerð áætlun um framkvæmd. Síðar er metið hvort umbætur hafi skilað árangri. Sjálfsmatið þarf að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert. Í Stapaskóla snýr sjálfsmatið að helstu þáttum skólastarfsins, s.s. markmiðum skólans, líðan, skipulagi, starfinu í skólanum, kennslu, námsmati, aðbúnaði, stjórnun, o.fl. Sjálfsmatsteymi skólans ber ábyrgð á framkvæmd sjálfsmats og kemur með tillögur til úrbóta þar sem við á.

Tilgangur og markmið með mati á skólastarfi:

- Leita leiða til að bæta námsárangur nemenda.
- Efla þekkingu allra starfsmanna á stofnuninni sem heild.
- Auka samstarf og samheldni allra sem koma að skólastarfinu, nemenda, foreldra og starfsmanna.

- Bæta starfsaðstæður og stuðla að betri líðan þeirra sem í skólanum starfa, hvort sem um nemendur eða aðra er að ræða.
- Skapa frjóa umræðu og skoðanaskipti.
- Stuðla að þróun og vexti skólans.
- Tryggja upplýsingamiðlun um starfsemi skólans bæði inn á við og út á við.

Sjálfsmat leikskóla

Í 18. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 er kveðið á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Í 19.gr. laganna segir að sveitarfélögin eigi síðan að fylgja innra matinu eftir þannig að það leiði til umbóta í skólastarfi. Tilgangur með mati er að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum.

Innra matinu er ætlað að veita aðilum skólasamfélagsins og fræðsluyfirvöldum upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun. Með kerfisbundnu mati er greint hvað gengur vel og hvað miður og síðan teknar ákvarðanir um umbætur á grundvelli niðurstaðna. Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að leikskólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Þar eru leikskólakennarar, annað starfsfólk, foreldrar og börn mikilvægustu þátttakendurnir og mikilvægt að þeir fái tækifæri til að velta fyrir sér leikskólastarfinu og ræða sín á milli. Þær leiðir sem meðal annars eru farnar við innra mat í leikskólanum eru mat á þroska nemenda með fjölbreyttum matstækjum s.s, Hljóm- 2 og EFI-2. Foreldrakannanir og starfsmannakannanir, auk þess sem símat er gert á áætlunum, verkferlum og starfsháttum.

Starf skólans er metið reglulega allt árið. Stjórnendur, starfsfólk, foreldraráð og stjórn foreldrafélagsins meta skólastarfið m.a. út frá niðurstöðum innra mats. Stjórnendur og starfsfólk funda reglulega eins og þörf krefur til að meta niðurstöður innra mats og vinna í framhaldinu að tillögum til úrbóta fyrir einstaklinga og hópa eða benda öðrum á hvað má læra af góðum árangri skólans. Niðurstöður innra mats nýtum við til jákvæðrar þróunar.

Matsaðferðir

Tvenns konar viðmið eru lögð til grundvallar innra mati skólans. Annars vegar lög og reglugerðir sem leik- og grunnskólum er ætlað að starfa eftir og hins vegar skólanámskrá og starfsáætlun en þar kemur fram stefna skólans og markmið. Við matið er lögð áhersla á að aðferðirnar séu greinandi og fjölbreyttar og falli vel að þeim markmiðum sem unnið er með hverju sinni. Þessi gögn eru m.a. kannanir, spurningalistar, umræðufundir, próf, skimanir, vettvangsathuganir og gátlistar svo eitthvað sé nefnt. Samhliða formlegu mati eru iðulega gerðar stöðugreiningar á ýmsum atburðum í skólastarfinu, s.s. árshátíðum, þemadögum, samskiptadögum o.fl. og eru niðurstöðurnar metnar og umbótaáætlanir gerðar.

Gerð er matsáætlun til þriggja ára þar sem fram koma þeir þættir í skólastarfinu sem meta á hvert skólaár. Starfsmenn skólans taka ákvörðun um hvað á að meta og hver viðmiðin eiga að vera. Þegar niðurstöður liggja fyrir eru greindir styrk- og veikleikar. Þar sem þörf er á er sett fram áherslu- og umbótaáætlun. Eftir tiltekinn tíma er farið yfir hvort úrbætur hafi skilað tilætluðum eða ásættanlegum árangri. Matsáætlun og umbótaáætlun fyrir skólaárið er birt í starfsáætlun skólans.

Skilgreining á innra og ytra mati

Innra mat er framkvæmt af þeim sem vinna í skólanum og er unnið á þeim forsendum. Starfsmenn skólans taka ákvörðun um, hvað á að meta, hver viðmiðin eiga að vera og leggja fram umbótaáætlanir þar sem þörf er á. Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðilum s.s. fræðsluskrifstofu, Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs hjá Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Námsmatsstofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga o.fl. Niðurstöður af mati sem þessir aðilar framkvæma og snúa að innra starfi skólans geta mjög vel stutt við innra mat og stuðla að markvissari nýtingu mats til umbóta fyrir skólann. Því er fjallað um slíkt mat í sjálfsmatsskýrslu skólans þar sem við á.

Samstarf heimila og skóla, upplýsingamiðlun

Í skólanum er lögð áhersla á gott samstarf við foreldra nemenda skólans. Velferð nemenda og góð námsframvinda byggir ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinna. Hlutverk foreldra er að gæta hagsmuna barna sinna, eiga gott samstarf við skóla og taka þátt í námi barnanna. Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf milli starfsfólks skóla og heimila stuðlar að gagnkvæmu trausti. Mikilvægt er að foreldrar upplýsi starfsmenn skólans um atriði sem geta haft áhrif á líðan nemandans í skólanum, (t.d. viðburðir, áföll, veikindi). Virk hlutdeild og þátttaka foreldra í námi og starfi barna sinna er forsenda þess að foreldrar geti axlað þá ábyrgð sem þeir bera á farsælu uppeldi og menntun barna sinna. Mikilvægt er að foreldrar tali jákvætt um skólann, starfið sem þar er unnið og starfsfólkið því viðhorf foreldra hafa að sjálfsögðu mótandi áhrif á viðhorf nemenda. Foreldrar eru hvattir til að benda á það sem betur má fara með því að hafa samband við starfsfólk skólans. Áhersla er lögð á upplýsingagjöf frá skóla til heimilis og einnig nána samvinnu um úrlausn vandamála sem upp kunna að koma. Foreldrar geta óskað eftir viðtölum við kennara og einnig eru höfð samskipti með tölvupósti, fundum og í gegnum Mentor.

Til að tryggja gott samstarf heimilis og skóla er lögð áhersla á eftirfarandi:

- Reglulega senda umsjónarkennarar/deildarstjórar foreldrum upplýsingar um það helsta sem er á döfinni hverju sinni.
- Á skólaárinu eru foreldrar og nemendur boðaðir til samtals um líðan og námsframvindu, einu sinni og oftár ef þurfa þykir.
- Á tveggja vikna fresti senda umsjónarkennarar upplýsingar um ástundun nemenda til foreldra.
- Vefsíða skólans er uppfærð reglulega. Þar geta foreldrar nálgast ýmsar upplýsingar um starfsemi skólans, s.s. skólanámskrá, starfsáætlun, fréttir og það helsta sem er á döfinni. Fréttir og tilkynningar eru einnig settar inn á Facebook síðu skólans.
- Kennarar setja upplýsingar um heimanám nemenda á Mentor.
- Foreldrum er boðið sérstaklega á viðburði í skólanum.

Foreldrafélag

Við skólann starfar foreldrafélag, Foreldrafélag Stapaskóla (FFS). Félagar teljast allir forráðamenn nemenda skólans. Markmið félagsins er að vinna að velferð nemenda, efla hag skólans og stuðla að jákvæðu samstarfi milli heimila og skóla. Foreldrafélagið setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og í skólaráð. Aðalfundur félagsins er haldinn á haustin í byrjun skólaárs og í upphafi skólaárs hittir stjórn FFS bekkjarfulltrúa. Markmiðum sínum hyggst félagið ná m.a. með því að standa fyrir fræðslu um uppeldisfræðileg efni og efla starf bekkjarfulltrúa. Foreldrafélag Stapaskóla er aðili að FFGÍR sem samanstendur af foreldrafélögum og foreldraráðum grunnskólanna í Reykjanesbæ.

Bekkarfulltrúar

Hlutverk bekkjarfulltrúa er að stuðla að auknu samstarfi foreldra, kennara og nemenda innan hvers bekkjar. Kennarar óska eftir bekkjarfulltrúum í upphafi skólastarfs að hausti. Æskilegt er að bekkjarfulltrúar séu minnst tveir fyrir hvern bekk þannig að starfið verði ekki íþyngjandi á neinn hátt. Hlutverk bekkjarfulltrúa er m.a. að vera tengiliðir við umsjónarkennara, foreldra, við stjórn foreldrafélagsins auk þess sem þeir standa fyrir ýmsum uppákomum innan bekkjarins í samstarfi við aðra foreldra.

Frístundaheimili

Eins og í öllum grunnskólum Reykjanesbæjar er starfrækt frístundaheimili í Stapaskóla. Frístundaheimilið býður upp á samfellda dagskrá fyrir nemendur í 1.- 4. bekk frá kl. 13:20 - 16:15 alla skóladaga. Frístundaheimilið hefur aðgang að því húsnæði sem þykir henta hverju sinni. Starfið er fjölbreytt og skapandi þar sem nemendur fara í mismunandi hópastarf með mikilli útiveru. Börnin fá síðdegishressingu sem útbúin er af Skólamat. Frístundaheimilið starfar ekki á starfsdögum. Lokað er í vetrarfrii, jóla- og páskafríum nemenda og þann dag sem árshátíð skólans er.

Skólaráð

Við skólann starfar skólaráð og er það lögum samkvæmt samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólalald og stefnumörkun. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, skóladagatal og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð fær til umsagnar áætlanir og undirritar þar til gert eyðublað þegar það hefur samþykkt þær. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólaráð er skipað skólastjóra, tveimur kennurum, fulltrúa starfsmanna, tveimur fulltrúum foreldra, tveimur nemendum og fulltrúa grenndarsamfélagsins. Skólaráð fundar tvisvar til þrisvar á skólaárinu eða eftir þörfum.

Heimanám

Heimanám byggir á samstarfi heimila og skóla. Áhugi foreldra á skólagöngu og vinnu barna sinna getur skipt sköpum fyrir velgengni þeirra í námi. Heimanám er einn þáttur í daglegu lífi skólabarna þar sem foreldrar/forráðamenn fá tækifæri til að fylgjast með náminu og styðja við bakið á börnum sínum. Rannsóknir hafa sýnt að þar sem vel hefur tekist til með heimanám hefur það jákvæð áhrif á persónuþroska og námsárangur og því er mikilvægt að góð samvinna ríki á milli heimilis og skóla. Í heimanámi þarf að taka mið af þroska, áhuga og aðstæðum hvers einstaklings og er heimanám einstaklingsmiðað þar sem það á við. Heima er mikilvægt að skapa ró og reglu í kringum heimanámið svo það verði jákvæð og uppbyggileg stund.

„Foreldrar bera ábyrgð á því að börnin þeirra sinni því heimanámi sem skólinn og foreldrar hvers einstaks barns hafa orðið ásátt um og að frístundastarf og annað starf utan skóla komi ekki niður á námi barnanna.“

Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti 2011.

Markmið með heimanámi er:

- Að nemendur þjálfu enn frekar og rifji upp það sem kennt hefur verið í skólanum.
- Að nemendur öðlist smátt og smátt færni í að undirbúa sig fyrir skólann.

- Að nemendur þrói með sér góða námstækni/námsvitund og verði sjálfstæðir í vinnubrögðum.
- Að veita foreldrum/forráðamönnum tækifæri til að taka þátt og fylgjast með námi barna sinna.

Mentor

Grunnskólastig Stapaskóla er í samstarfi við Mentor – fjölskylduvef. Kennarar færa þar inn upplýsingar um skólasókn, ástundun, námsmat og heimavinnu nemenda. Þar er einnig skráður vitnisburður um frammistöðu á skólaárinu. Nemendur og foreldrar fá veflykil hjá umsjónarkennara eða skrifstofustjóra við upphaf skólagöngu sem veitir foreldrum og börnum aðgang að upplýsingunum. Mikilvægt er að foreldrar skrái netföng hjá skrifstofustjóra skólans því tilkynningar eru sendar út rafrænt. Með breytingum á barnalögum 1. janúar 2013 hafa forsjárlausir foreldrar einnig aðgang að Mentor og þeim skriflegu upplýsingum sem snúa að skólagöngu barna sinna svo lengi sem þar komi ekki fram upplýsingar um persónulega hagi forsjárforeldris.

Karellen

Leikskólastig Stapaskóla og fristundaheimilið Stapaskjól eru í samstarfi við Karellen. Þar færir starfsfólk inn mætingar nemenda, brottför, veikindi, fjarvistir, hvíld og matartíma. Foreldrar geta skráð inn veikindi og leyfi barna sinna. Einnig geta foreldrar séð matseðil skólans. Þar birtast einnig myndir af starfinu sem merktar eru nafni barnsins. Mikilvægt er að foreldrar skrái netföng hjá skrifstofustjóra skólans því tilkynningar eru sendar út rafrænt. Með breytingum á barnalögum 1. janúar 2013 hafa forsjárlausir foreldrar einnig aðgang að Mentor og þeim skriflegu upplýsingum sem snúa að skólagöngu barna sinna svo lengi sem þar komi ekki fram upplýsingar um persónulega hagi forsjárforeldris.

Samstarf við aðrar skólastofnanir

Lög og námskrár kveða á um samstarf milli leik- og grunnskóla og byggja á sameiginlegum grunni. Markmið samstarfsins er m.a. að skapa samfellu í námi og stuðla að öryggi og vellíðan barna þegar þau flytjast milli skólastiga.

„Brúum bilið“ sem er samstarf milli grunn- og leikskólastigs Stapaskóla. Elstu nemendur leikskóla taka þátt í bekkjarstarfi, þemaviku, íþróttum og hringekju með 1. bekk. Verkefninu er ætlað að skapa samfellu í námi nemenda sem eru að ljúka leikskólanámi sínu og hefja nám í grunnskóla. Elstu nemendur á leikskólastigi Stapaskóla taka þátt í almennu skólastarfi með því að taka þátt í list- og verkgreinum á ýmsan hátt yfir veturinn.

Tónlistarskóli Reykjanesbæjar

Tónlistarskólinn hefur aðstöðu í Stapaskóla fyrir þá nemendur sem stunda nám við skólann. Nemendur í 1. og 2. bekk Stapaskóla stunda nám í forskóla tónlistarskólans og nemendum skólans gefst kostur á að sækja tíma í hljóðfæranámi í skólanum á skólatíma. Tónlistarskólinn hefur fjórar kennslustofur til hljóðfærakennslu en auk þess er tónmenntastofa þar sem forskólakennslan fer fram. Nemendur í 8. - 10. bekk sem stunda nám við tónlistarskólann eiga kost á því að fá það metið sem valgrein.

Samstarf við framhaldsskóla

Stapaskóli er í góðum tengslum við Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Námsráðgjafi Stapaskóla er tengiliður við skólann. Á hverju vori fara nemendur í 9. bekk ásamt umsjónarkennurum í heimsókn í FS þar sem þeim er sýndur skólinn. Námsráðgjafi frá FS kemur í skólann og kynnir námið fyrir nemendum í 10. bekk. Nemendum í efstu bekkjum skólans býðst að sækja áfanga í FS að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um lágmarkseinkunn. Foreldrar nemenda bera þann kostnað.

Gerð er tilfærsluáætlun fyrir nemendur sem eru að útskrifast úr 10. bekk og eiga rétt á kennslu og sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir.

Samstarf við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri

Samkvæmt samningi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri er Stapaskóli viðtökuskóli kennaranema í æfingarkennslu. Í því felst að skólinn tekur á mótum kennaranemum á hverju skólaári til leiðsagnar og þjálfunar.

Tengsl við nærsamfélagið

Stapaskóli leggur metnað sinn í að rækta tengsl nemenda við nærsamfélag skólans og tengja námið við umhverfi hans. Nærsamfélag skólans er annars vegar landfræðilegt, bæði náttúran og manngert umhverfi og hins vegar félagslegt, svo sem fjölskyldur, stofnanir, fyrirtæki, félög og samtök.

Nærsamfélag Stapaskóla er svæði Innri Njarðvíkur og Reykjanesbæjar. Eftirfarandi atriði eru dæmi um hvernig Stapaskóli vinnur með nærsamfélagi skólans:

- Lögð er áhersla á að allir nemendur læri að virða og umgangast náttúruna.
- Nemendur stunda áhuga- og færnimiðað nám í góðum tengslum við fyrirtæki og stofnanir í Reykjanesbæ.
- Nemendur í 10. bekk fara í starfskynningu að vori í stofnanir og fyrirtæki í bænum.
- Í gildi er samningur við íþrótt- og ungmennafélögin í Reykjanesbæ um samstarf í tengslum við íþróttaval nemenda í 9. og 10. bekk.
- Samstarf er við leikskólastig Stapaskóla um valgreinina uppeldi og menntun. Nemendur í þeirri valgrein stunda að hluta til nám sitt hjá leikskólum.
- Lögð er áhersla á að náttúrufræðinámið fari að einhverju leyti fram utan veggja skólans þar sem umhverfið og náttúran er sá raunveruleiki sem nemendur eru að læra um og þurfa að þekkja.
- Útikennsla er af ýmsu tagi, t.d. fara ákveðnir árgangar vikulega í vettvangsferðir.
- Nemendur eiga kost á ferðum á öll söfn bæjarins.

Starfsmannastefna Stapaskóla

Í starfsmönnum skólans býr mikill auður reynslu og þekkingar. Lykillinn að árangri er að skólinn hafi yfir að ráða hæfu og vel menntuðu starfsfólki, sem getur axlað ábyrgð og sýnt frumkvæði í starfi og þannig tekið virkan þátt í framþróun skólans.

Þess vegna er það stefna Stapaskóla að:

- Ráða til sín áhugasamt, traust og vel menntað starfsfólk á hinum mismunandi sviðum og haga stjórnun og vinnu þannig að hæfileikar, dugnaður og frumkvæði hvers starfsmanns fái notið sín.
- Nýir starfsmenn fái strax nægilega aðstoð til að takast á við starfið og þeir geri sér strax fulla grein fyrir hlutverki sínu, ábyrgð og tengslum við aðra starfsmenn.
- Allir starfsmenn leggi sitt af mörkum til að efla góðan starfsanda í skólanum m.a. með gagnkvæmri virðingu, sanngirni og hjálpsemi í garð samstarfsfólks, nemenda og annarra sem njóta þjónustu skólans.
- Veita starfsmönnum svigrúm til að sinna tilrauna- og þróunarstarfi, námsefnisgerð og nýjungum.
- Hvetja til og stuðla að símenntun þannig að starfsfólk geti aflað sér þekkingar til að takast á við sífelld fjölbreyttari og viðameiri verkefni. Í þessu felst einnig að skólinn hvetur leiðbeinendur til að afla sér kennsluréttinda.
- Möguleikar starfsmanna til starfsframa séu jafnir þannig að tryggt sé að hæfileikar hvers og eins nýtist sem best óháð kyni, aldri, trúarbrögðum eða litarhætti, sjá nánar í jafnréttisáætlun skólans.
- Séð verði til þess að starfsmenn fái hvatningu og umbun fyrir vel unnin störf.
- Skólinn leggi kapp á markvissa upplýsingagjöf til starfsmanna með tölvupósti, vikupistlum og með reglulegum fundum.
- Að tryggja eins góða og heilsusamlega vinnuaðstöðu og unnt er.
- Að eiga gott samstarf við starfsmannafélag skólans, stéttarfélög kennara og annars starfsfólks og hafa samráð við trúnaðarmenn um ákvarðanir sem snerta vinnuaðstöðu og kjaramál.

Verklagsreglur um forvarnir og viðbrögð gegn einelti og kynferðislegri áreitni má lesa í eineltisáætlun skólans.

Áætlanir

Móttökuáætlun

Nýrra nemenda

Skráning nýrra nemenda fer í gegnum mittreykjanes.is. Móttökuviðtal við nemenda og foreldra er áður en nemandi hefur nám við skólann. Skólastjórnandi boðar nemandann og forráðamenn hans í viðtal, sýnir þeim skólahúsnæðið og kynnir þau fyrir teyminu, kennurum og starfsmönnum. Nemandinn fær stundaskrá og aðrar upplýsingar um skólann frá skrifstofustjóra. Starfsmenn skólans ásamt skólahjúkrunarfræðingi fá sendar upplýsingar um að nýr nemandi sé byrjaður í skólanum. Nemandinn hefur skólastarf sem fyrst. Umsjónarkennari/kennari aðstoðar nemandann við að tengjast bekkjarfélagi sem aðstoðar hann fyrstu vikuna. Í lok fyrsta skóladags ræðir umsjónarkennari/kennari við nemandann um hvernig dagurinn hafi gengið. Umsjónarkennari/kennari aflar upplýsinga um nemandann frá foreldrum og/eða þeim skóla sem barnið sótti áður. Umsjónarkennari/kennari hefur samband heim til nemanda eftir fyrstu vikuna ef foreldrar hafa ekki haft samband og athugar hvernig gengur.

Nemenda með sérþarfir

Í reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla 2. gr. teljast þeir sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun, geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir.

Þegar nemandi með sérþarfir byrjar í skólanum boðar verkefnastjóri stoðþjónustu nemandann og forráðamenn hans í viðtal. Hann sýnir þeim skólahúsnæðið og kynnir þau fyrir kennurum, þroskaþjálfum og skólaliða sem kemur til með að styðja nemandann. Foreldrum eru kynnt úrræðin sem skólinn býður upp á. Í viðtalinu er farið yfir greiningar, stöðu og þarfir nemandans. Ef þörf er á er boðað til teymisfundar með forráðamönnum, kennurum, þroskaþjálfum, deildarstjóra stoðþjónustu, stjórnendum, sérkennara,



starfsmönnum og í sumum tilvikum námsráðgjafa, sérfræðingum af fræðsluskrifstofu og/eða þjónustufulltrúum utan skóla. Á þessum fundi eru lögð drög að einstaklingsnámskrá og úrræðum fyrir nemandann.

Erlendra og tvítyngdra nemenda

Allir nemendur sem eru að flytja til landsins og hafa ekki búið hér áður, þurfa að fara í nýbúaskoðun á Landspítala háskólasjúkrahúsi áður en skólaganga hefst. Eftir það getur nemandi komið í fyrstu heimsókn. Áður en erlent barn hefur skólagöngu í grunnskóla þarf verkefnastjóri ÍSAT að boða barnið og foreldra þess á móttökufund. Þar skiptast skólinn og foreldrar á mikilvægum upplýsingum sem varða skólagöngu barnsins. Heilbrigðisvottorð og bólusetningarvottorð þarf að fylgja umsókn um skólavist. Vottorð um læknisskoðun þarf vegna barna sem voru búsett utan Evrópusambandsins. Ef kalla þarf til túlk verður að leita samþykkis foreldra.

Stapaskóli vinnur einnig eftir fjölmeningastefnu Reykjanesbæjar sem nálgast má hér:

<https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Velferdarsvid/fjolmenningarstefna2017.pdf>

Námsráðgjafi fylgist með nýjum nemendum líðan og félagslegri stöðu.

Móttökuáætlanir Stapaskóla eru birtar á [heimasíðu skólans](#).

Skólareglur

Í Stapaskóla er unnið í anda uppbyggingarstefnunnar þar sem lögð er áhersla á að kenna sjálfstjórn og ýta undir hæfni til að bera ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Mikilvægur þáttur í uppbyggingu er að öllum sé ljóst hvert sé hlutverk þeirra og virðing höfð að leiðarljósi í samskiptum. Skólareglur Stapaskóla eru samdar í tengslum við Uppbyggingarstefnuna þar sem gert er ráð fyrir að bekkjardeildir skólans geri með sér bekkjarsáttmála og vinni reglulega að því að gera nemendur vissu um sitt hlutverk í skólanum og gefi þeim verkfæri og leiðir til að vera besta útgáfan af sjálfum sér.

Skólareglurnar og viðurlög við brotum eru einnig samin með hliðsjón af reglugerð um skólareglur í grunnskólum og með hliðsjón af lögum um grunnskóla. Í reglugerðinni kemur fram að allir grunnskólar eigi að setja sér skólareglur og þar skal

m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi og ástundun náms, einnig skal koma þar fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim. Skólareglur Stapaskóla hafa því verið settar upp til samræmis við lög um grunnskóla og hugmyndafræði Uppeldi til ábyrgðar.

Forvarnarstefna - forvarnaráætlun

Markmið með forvörnum er að stuðla að góðri líðan nemenda, jákvæðri sjálfsmynd og lífssýn, heilbrigðum lífsháttum og að vinna gegn óæskilegri hegðun.



Markmið:

- Að vinna markvisst gegn einelti og annarri félagslegri útskúfun.
- Að fræða nemendur um skaðsemi vímuefna og mikilvægi hollra lífshátta.
- Að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust nemenda svo þeir geti tekið afstöðu gegn vímuefnum og staðið á móti neikvæðum félagslegum þrýstingi og geri sér grein fyrir áhrifum fyrirmynda í mótun lífstíls.
- Að grunnskólinn sé vímuefnalaus, að nemendur neyti ekki tóbaks, áfengis eða annarra vímuefna.
- Að fylgja lögum um tóbaksvarnir sem felur í sér að nemendum, starfsfólki, foreldrum og gestum er ekki heimilt að nota tóbak á skólasvæðinu.
- Að eiga öflugt samstarf við foreldra, fræðsluskrifstofu, félagsmiðstöðvar, heilsugæslu, félagsþjónustu og lögreglu um samræmdar aðgerðir gegn neyslu vímuefna.
- Að öflugt félagsstarf sé starfrækt innan skólans.
- Að eiga náð samstarf við íþrótt- og tómstundafélög bæjarins.
- Að efla kennslu í lífsleikni.
- Að efla læstrarfærni nemenda skólans.
- Að nemendur temji sér jákvæð samskipti, umburðarlyndi, kurteisi og tillitssemi í samskiptum við aðra.
- Að nemendur beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðru fólki og séu færir um að setja sig í spor ólíkra persóna til að finna samkennd með þeim og leiti sáttaleiða.
- Að nemendur þjálfist í að tjá og meta tilfinningar sínar, hugsanir og væntingar á ýmsan hátt og geti sett sér persónuleg markmið.

- Að nemendur efli siðferðisþroska sinn og ábyrgð, geti greint vandamál og fundið eigin lausnir á þeim.
- Að nemendur styrkist í að vernda persónuleg og tilfinningaleg mörk sín.

Áfengis - og fíknivarnir

Áfengis- og fíknivarnir taka til almennra forvarna s.s. gagnvart tóbaki, áfengi, öðrum vímuefnum og annars konar fíkn. Stapakóla ber skylda til að fræða nemendur og miðla upplýsingum varðandi fíkn og fíknivanda. Markmiðið er að draga úr fjölda þeirra sem ánetjast reykingum, öðrum vímuefnum eða leiðast út í fíknihæðun. Fræðslan fer fram með fjölbreyttum hætti og koma margir aðilar að henni, svo sem kennarar, námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur og utanaðkomandi aðilar sem eru sérfræðingar á ákveðnum sviðum

Leiðir að forvörnum

- Fræða nemendur um skaðsemi tóbaks, áfengis og annarra fíkniefna og afleiðingar af neyslu þessara efna. Sömuleiðis að fræða um annars konar fíkn t.d. netfíkn.
- Stuðla að jákvæðri sjálfsmynd og heilbrigðum lífsstíl nemenda svo þeir verði betur færir um að taka sjálfstæðar ákvarðanir án þess að láta undan félagslegum þrýstingi.
- Leggja aukna áherslu á úrræði fyrir nemendur í áhættuhópum.
- Hafa samvinnu við heimilin um forvarnir.
- Fá gestafyrirlesara í skólann til að ræða við nemendur í tengslum við annað forvarnastarf.
- Námsráðgjafi starfar við Stapaskóla. Nemendur geta leitað til hans og rætt við hann um sín persónulegu mál.
- Hjúkrunarfræðingur hefur fasta viðveru í skólanum og sinnir meðal annars forvarnastarfi. Forvarnarefni heilsugæslunnar, 6H, er notað við þá fræðslu.

Öryggis- og slysavarnir

Slys

Slasist barn í skólanum veita hjúkrunarfræðingur og/eða starfsmenn skóla fyrstu hjálp. Þurfi barn að fara á slysadeild er æskilegt að foreldrar/forráðamenn fari sjálfir með barnið. Ef ekki næst í foreldra/forráðamenn fer ábyrgur aðili frá skólanum með barninu. Nauðsynlegt er að hafa símanúmer foreldra og forráðamanna bæði heima og á vinnustað í skólanum.

Foreldrum og forráðamönnum er bent á að kynna sér þær tryggingar sem skólinn hefur vegna slysa nemenda í skóla.

Frimínútur og gæsla

Nemendur í 1. - 6. bekk fara út í frimínútur. Kennarar eiga að fylgja nemendum sínum af gangi áleiðis að útidyrum. Gæsla er í frimínútum, bæði úti og inni er í höndum starfsmanna skólans. Nemendur í 7. - 10. bekk geta verið innandyra í frimínútum.

Nemendum er með öllu óheimilt að fara út af skólalóðinni á skólatíma, nema nemendum í 8.-10. bekk sem skilað hafa inn undirrituðu eyðublaði frá foreldrum/forráðamönnum þess efnis.

Hjól og önnur farartæki

Hjól, hjólabretti, línuskautar og rafskutlur eru leyfð til að ferðast til og frá skóla og þá er skylda að nota hjálm samkvæmt lögum. Notkun hvers kyns hjóla er óheimil á skólalóðinni á skólatíma. Ef nemendur koma á línuskautum í skólann þurfa þeir að taka með sér skó.

Umgengni

Nemendur í 1. og 2. bekk hafa hillur og snaga í anddyri á austurhlið skólans. Nemendur í 3. – 10. bekk hafa hillur fyrir skó í anddyri á vesturhlið skólans. Snagar fyrir yfirhafnir eru í kennslutvenndum nemenda í 3. – 6. bekk en nemendur í 7. – 10. bekk hafa munaskápa á efri hæð til umráða.

Ábyrgð á persónulegum eigum nemenda

Skólinn tekur ekki ábyrgð á fjármunum og persónulegum eigum nemenda, nema hægt sé að rekja tjón til starfsfólks eða vanbúnaðar skólans. Foreldrar eru beðnir að sjá til þess að nemendur komi ekki með peninga eða önnur verðmæti í skólann að óþörfu.

Tryggingar

Öll skólabörn í Reykjanesbæ eru tryggð hjá Tryggingarmiðstöðinni (TM) hvort sem það eru líf-, örorku eða slysatryggingar á meðan þau eru á ábyrgð okkar á skólatímum s.s. á skólalóð eða í ferðum á vegum skólans. Gera þarf skýrslu um þau óhöpp sem upp kunna að koma og senda TM til varðveislu. Foreldrum er bent á að senda reikninga sem verða til vegna slysa til TM sem sér um að greiða sjúkrakostnað enda skýrslan í þeirra höndum.

Aðkoma að skólanum

Bílastæði skólans er við vesturhlið skólans. Að austurhlið skólans er sleppistæði. Þeir sem koma akandi í skólann með börn sín eru beðnir um að nota þessi bílastæði.

Heimsóknir í skólann

Stapaskóli leggur áherslu á að skapa nemendum og starfsfólki eins öruggt og gott náms- og starfsumhverfi og kostur er. Þess vegna biðjum við gesti okkar á skólatíma um að ganga inn um aðalinngang á vesturhlið við komuna í skólann og gera grein fyrir erindi sínu á skrifstofu skólans sem er á annarri hæð.

Mikilvægt er að trufla ekki það starf sem fram fer í skólanum. Hlutum sem þarf að koma til nemenda á skólatíma er komið til skrifstofustjóra/ritara sem kemur þeim síðan áfram. Með þessu fyrirkomulagi truflum við ekki námsumhverfi nemenda og sýnum starfinu í Stapaskóla virðingu. Þetta á ekki við um upphaf og lok skóladags þegar verið er að fylgja nemendum í skólann eða sækja.

Skólalóð

Skólalóðin er góð með fjölbreyttum leiktækjum. Leikvellir skólans eru upplýstir svo og skólalóð og girðing er kringum fótboltavöll og körfuboltavöll.

Eineltisáætlun

Stapaskóli leitast við að skapa jákvætt og uppbyggjandi umhverfi þar sem öllum líður vel. Samskiptaáætlun skólans miðar að því að fyrirbyggja einelti og andfélagslega hegðun og taka á slíkum málum þegar þau koma upp. Allt starfsfólk skólans tekur þátt í vinnunni og leggur sitt af mörkum í að byggja upp félagslega sterkt samfélag þar sem jákvæð samskipti fara fram.

Skólinn einn og sér mun þó aldrei geta tekið á þeirri vanlíðan sem fylgir því að vera lagður í einelti eða stuðlað að uppbyggingu samfélags þar sem einelti er ekki samþykkt. Hér verða heimilin og samfélagið allt að leggja sitt af mörkum. Því leitast Stapaskóli eftir því að eiga gott samstarf við sitt nánasta umhverfi og alla þá sem samfélagið móta. Uppræting samskiptavanda og eineltis krefst samvinnu allra þessara aðila ef árangur á að nást.

Áætlun Stapaskóla er unnin út frá hugmyndafræðinni Uppeldi til ábyrgðar, uppbygging sjálfsaga sem og Olweusaráætlunarinnar á Íslandi.

Uppeldi til ábyrgðar (e. Restitution) miðar að því að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn og þjálfa nemendur í að ræða um tilfinningar sínar og átta sig á þörfum sínum. Vinnuaðferðunum er einnig ætlað að styðja starfsmenn skólans við að móta sér skýra stefnu varðandi samskipti og agamál. Öðru fremur er um að ræða aðferðir við að kenna sjálfstjórn og sjálfsaga og styrkja einstaklinga í því að læra af mistökum sínum.

Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun skóla byggir á lögum um jafna stöðu kynjanna á vinnustaðnum og í skólanum sem menntastofnun. Jafnréttisstefnan á við um nemendur, foreldra og starfsfólk skólans og á að tryggja að jafnrétti nái til allra í skólasamfélaginu. Sem vinnustaður þarf skóli, með 25 starfsmenn eða fleiri, að gera



áætlun um hvernig starfsmönnum eru tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 19.–22. gr. laganna. Sem menntastofnun þarf skólinn, óháð starfsmannafjölda, að uppfylla 22. og 23.gr. laganna sem snúa að nemendum. Í skólstarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis (Aðalnámskrár leik,- grunn og framhaldsskóla, 2011).

Áfallaáætlun

Áfallaáætlun er vinnuáætlun svo bregðast megi fumlaut og ákveðið við þegar áföll verða, s.s. bráð veikindi, alvarleg slys, dauðsföll eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu eða sorgarviðbrögð. Vinnuáætlunin er skýr og afdráttarlaus um hver sinnir hvaða hlutverki, í hvaða röð og hvernig beri að bregðast við. Huga skal að óskum fjölskyldna þeirra sem hlut eiga að máli hverju sinni. Einnig þarf að sjá til þess að kennarar og annað starfsfólk sem að áfallahjálpi vinnur fái stuðning og hjálpi.

Í áfallateyminu/ráði eru:

- Skólastjórnendur
- skólahjúkrunarfræðingur
- Skólasálfræðingur
- Námsráðgjafi

Með teyminu starfa:

- Umsjónarkennari viðkomandi nemenda
- Deildastjórar
- Skrifstofustjóri

Aðrir sem áfallateymið getur leitað til:

- Stjórnendateymi fræðsluskrifstofu
- Heilbrigðisstofnun Suðunesja
- Prestur
- Lögregla

Hlutverk áfallateymis/ráðs

Í megin atriðum skal hlutverk áfallaráðsins vera að gera vinnuáætlun svo bregðast megi fumlaust og ákveðið við þegar áföll verða. Áfallaráð sér til þess að allt starfsfólk fái kynningu á því hvernig bregðast skuli við áföllum. Einnig þarf það að sjá til þess að starfsfólk sem veitir áfallahjálpmunni fái stuðning og hjálpmunni. Allir sem sitja í áfallaráði þurfa að vera upplýstir um hlutverk sitt í ráðinu. Áfallaráð skal funda þegar vitneskja berst um áfall og skólustjóri metur það mikilvægt að kalla ráðið saman. Í gæðahandbók Reykjanesbæjar eru gátlistar fyrir starfsfólk aðgengilegir til þess að styðjast við eftir því hvort um nemanda eða starfsfólk er að ræða.

Við önnur áföll en tilgreind eru hér að framan svo sem kynferðislega misnotkun, ofbeldi, skilnað foreldra, atvinnuleysi til langs tíma, mannshvarf eða fangelsun náins ættingja, þurfa nemendur mikinn stuðning og skilning. Við aðstæður sem þessar er rétt að hafa samráð við foreldra eða aðra aðstandendur. Ef grunur vaknar um kynferðislega misnotkun eða annars konar ofbeldi ber ávallt að hafa samband við barnaverndarnefnd. Hægt er að óska nafnleyndar þegar tilkynnt er. Ef starfsfólk skólans lendir í erfiðleikum, svo sem skilnaði, slysi eða langvarandi veikindum innan fjölskyldu skal haft samráð við viðkomandi um hvort og hvernig starfsfólk skólans geti komið því til aðstoðar.

Skilgreininga á áföllum í skóla:

1. Alvarleg slys eða andlát nemanda.
2. Alvarleg slys eða andlát foreldra eða annarra náinna ættingja.
3. Alvarleg slys eða andlát starfsmanns.
4. Slys í vettvangsferðum eða á skólatíma.
5. Langvarandi veikindi nemanda.
6. Kynferðisleg misnotkun.
7. Ofbeldi gegn nemanda.
8. Önnur óskilgreind áföll, t.d. skilnaður – fangelsun – mannshvarf.

Kynferðisleg misnotkun og ofbeldi gagnavart nemanda

Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum

„Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur frammar ákvæðum laga eða siðareglum um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta”

Barnaverndarlög nr. 80/2002 17. gr.

Tilkynnt er um kynferðislega misnotkun og ofbeldi gagnvart nemanda til barnaverndarnefndar af skólastjóra í nafni stofnunarinnar á þar til gerðum eyðublöðum. Ef um er að ræða grun um ofbeldi, kynferðislegt eða líkamlegt, er ekki rætt við barnið um það heldur haft strax samband við barnaverndarnefnd. Það er síðan hlutverk barnaverndarstarfsmanna að kanna málið og ræða við barnið eftir þeim reglum sem um það gilda. Þegar grunur hefur vaknað um að barn búi við ofbeldi á heimili sínu, hvort heldur sem er líkamlegt eða kynferðislegt hefur skólinn beint samband við barnaverndarnefnd án þess að upplýsa foreldra um það. Ástæðan er sú að búi barn með einhverjum sem beitir ofbeldi getur verið hætt á að barnið verði beitt enn meira ofbeldi eða hótunum ef viðkomandi veit að tilkynnt hefur verið til barnaverndarnefndar. Í sumum tilvikum sæta þessi mál einnig lögreglurannsókn og mikilvægt er að meintur gerandi fái ekki tækifæri til að hafa áhrif á framburð barnsins. Komi barn með sýnilega áverka í skóla eða segi frá ofbeldi skal samstundis hafa samband við barnaverndarnefnd.

Viðbrögð kynbundnu ofbeldi og öðru ofbeldi

Nemendur, kennarar og starfsfólk skólans á hverjum tíma mynda skólasamfélag þar sem gagnkvæmt traust og virðing ríkir í samskiptum. Allir einstaklingar innan þessa samfélags eiga að búa við það öryggi að þeir verði hvorki fyrir

kynferðislegu né kynbundinni áreitni eða ofbeldi. Ef einstaklingur innan skólans telur sig verða fyrir slíku ber skólasamfélaginu að bregðast við með ábyrgum og skipulögðum hætti.

Við líðum hvorki kynferðislega áreitni eða ofbeldi né kynbundna áreitni eða ofbeldi og höfum því sett þessar verklagsreglur. Verklagsreglurnar eru lifandi skjal sem verður endurskoðað eftir þörfum.

Einstaklingur sem verður var við kynferðislega áreitni eða kynferðislegt ofbeldi er hvattur til þess að tilkynna það til náms- og starfsráðgjafa eða skólastjórnenda eftir því sem viðkomandi telur best.

Minnt er á tilkynningaskyldu þeirra sem afskipti hafa af börnum úr Barnaverndarlögum nr. 80/2002 17. gr.

Markmið

Við líðum hvorki kynferðislega áreitni eða ofbeldi né kynbundna áreitni eða ofbeldi í skólanum í kennslu, almennu starfi eða öðrum samskiptum sem eiga sér stað í skólastarfinu eða í tengslum við starfsemi skólans.

Markmið verklagsreglna þessara er að tryggja að úrræði sé til staðar telji einstaklingur sig hafa orðið fyrir kynferðislegu og/eða kynbundinni áreitni eða kynferðislegu og/eða kynbundnu ofbeldi.

Skilgreiningar

Með kynbundinni áreitni er átt við hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi. Áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynbundin áreitni.

Með kynferðislegri áreitni er átt við hvers kyns kynferðislega hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni.

Með kynbundnu ofbeldi er átt við ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjánainga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

Með kynferðislegu ofbeldi er átt við brot gegn kynfrelsi einstaklings sem lýst eru refsiverð í XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Leiðir

Nemendur fá fræðslu um kynbundið ofbeldi og annað ofbeldi og þeim gert ljóst hvert þeir geti leitað eftir aðstoð komi slíkt mál upp, hvort heldur sem er af hálfu annarra nemenda eða starfsfólks.

Fræðsla til nemenda um kynþroska, kynlíf og siðferði í samskiptum kynjanna verði samkvæmt markmiðum aðalnámskrár grunnskóla og skólanámskrá. Á hverju hausti er farið yfir það með starfsfólki skólans hvað getur falist í kynbundnu áreiti í samskiptum nemenda og starfsmanna. Nemendum verður einnig kynnt hvert þeir geti leitað.

Nemendur

Í framhaldi af tilkynningu um grun um brot af ofangreindu tagi fer eftirfarandi ferli í gang innan skólans:

- Náms- og starfsráðgjafi og stjórnendur hittast og skipuleggja næstu skref.
- Fræðslustjóri, grunnskólafulltrúi og yfirsálfræðingur Reykjanesbæjar eru upplýstir um málið.
- Tilkynning og efni hennar eru borin undir barnaverndarnefnd.
- Haft er samband við forráðamenn og fundur með þeim skipulagður.
- Málið er skoðað og rætt við hlutaðeigandi.
- Skólayfirvöld aðstoða málsaðila við að leita sér sérfræðiaðstoðar meðferðaraðila.
- Ákveði málsaðilar að leita réttar síns munu skólastjórnendur og ráðgjafar skólans vera viðkomandi til aðstoðar.
- Þegar könnun máls er lokið eru niðurstöður kynntar málsaðilum og eftir atvikum sendir skólinn tilkynningu til barnaverndarnefndar.
- Eftirfylgni er höfð með málsaðilum eftir því sem þurfa þykir.

- Þeim sem vinna að viðkvæmum málum innan skólans er skylt að gæta trúnaðar.

Ekki er aðhafst í máli nema sá sem verður fyrir áreitni eða kynferðislegu ofbeldi (og forráðamenn eftir því sem við á) sé samþykkur því. Sé hins vegar um brot á landslögum (broti sem er lýst í XXII. kafla almennra hegningarlaga) verður máli vísað til barnaverndarnefndar.

Viðbrögð

Ef aðilar máls eru í sama skóla eða eru nemendur í sama námsumhverfi (í sama bekk eða árgangi) þá ber að skoða hvort að gera þurfi ráðstafanir varðandi samskipti, samvinnu og samneyti málsaðila. Reynt skal að ná sáttum um vinnutilhögun meðan málið er í skoðun. Ekki er gert ráð fyrir að flytja til í námi einstakling sem hefur kvartað eða orðið fyrir broti, vegna kynbundinnar eða kynferðislegrar áreitni eða ofbeldis, nema viðkomandi óski þess.

Tímarammi

Brynt er að brugðist sé við málum sem þessar verklagsreglur fjalla um svo fljótt sem auðið er og að niðurstaða liggi fyrir eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að nemandi eða forráðamaður sendi inn formlega tilkynningu.

Viðurlög

Viðurlög við broti eru samkvæmt skólareglum. Gerandi verður látinn axla ábyrgð og getur verið fluttur til í annan skóla eða verið vikið úr skóla.

Umhverfisáætlun

Samkvæmt aðalnámskrá leik- og grunnskóla er ekki gert ráð fyrir umhverfismennt sem stökum námsþætti heldur eiga skólar að útfæra umhverfismennt í skólanámskrá. Stapaskóli stefnir að því að gera nemendur sína meðvitaða um mikilvægi þess að bera virðingu fyrir umhverfinu og leggur áherslu á að upplýsa nemendur og starfsfólk um að þeir geti lagt sitt af mörkum við að vernda umhverfið og náttúruna.



Nemendur og starfsfólk vinna saman að því að halda skólalóð þrífalegri. Við einsetjum okkur að:


- Bera virðingu fyrir umhverfinu
- Nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi þess að endurnýta og endurvinna ýmislegt sem annars færi í ruslið
- Nýta vel pappír og önnur efni
- Draga úr notkun á einnota vörum og vörum í einnota umbúðum
- Flokka sorp t.d. pappír, rafhlöður, dósir, plast og fernur
- Ganga vel um bæði úti og inni • nota rafræn boðskipti frekar en pappír, sé þess kostur
- Spara rafmagn og vatn
- Velja umhverfisvænni vörur.

Viðbragðsáætlanir og rýming


Rýmingaráætlun

Ef hættuástand skapast getur verið nauðsynlegt að rýma skólann. Í Stapaskóla er rýmingaráætlun sem er yfirfarin árlega. Mikilvægt er að starfsfólk og nemendur hafi æft viðbrögðin svo að rýmingin gangi vel. Það eru Brunavarnir Suðurnesja sem sjá um rýmingaræfingar.

Fyrir rýmingaræfingar þarf að útskýra fyrir nemendum tilgang æfinganna sem eru:



1. Ef brunaviðvörðunarkerfi fer í gang kanna umsjónarmaður skóla og/eða skólastjórnandi hvaðan brunaboðið kemur. Ef ekki er slökkt á brunaboðanum eiga allir að yfirgefa bygginguna. Rýming er alltaf undirbúin um leið og heyrst í brunaboðanum. Skólastjórnandi og/eða umsjónarmaður skóla hefur samband við slökkviliðið í síma 112 ef boð hefur ekki borist til Securitas um brunaboð. Ef um falsboð er að ræða er slökkt á brunaboðanum sem gefur til kynna að hættuástand sé liðið hjá og viðbragðsaðilar látnir vita.




2. Kennarar/starfsmenn undirbúa rýmingu kennslustofu/rýmis síns og fara eftir ákveðnum leiðbeiningum sem eru að finna í öllum rýmum. Nemendur yfirgefa ekki kennslustofuna fyrr en kennari/starfsmaður hefur kannað hvort útgönguleiðin sé greið. Hver kennari/starfsmaður er ábyrgur fyrir þeim bekk/hóp sem hann er að kenna/sinna þegar hættuástand skapast. Ætíð skal velja þann neyðarútgang sem næstur er samkvæmt leiðbeiningum eða sem er greiðastur. Skrifstofustjóri skólans tekur nafnalista, veikinda- og fjarvistaskráningar nemenda og starfsmanna út á söfnunarsvæðið.
3. Nemendur ganga út á undan kennara og sá aðili sem síðastur fer út úr kennslustofum/ rýmum skal loka vel öllum dyrum til að draga úr reykflæði um húsið. Ekki má læsa hurðum.

- Þegar komið er út á söfnunarsvæðið, sem er á sparkvelli, er mjög mikilvægt að nemendur standi í einfaldri röð á sínu svæði hjá kennara sínum sem fer yfir nafnalistann og kannar hvort allir séu komnir út.
- Umsjónarmaður skóla kemur lyklum af skólanum til varðstjóra. Aðstoðarskólastjóri athugar hvort allir kennarar/starfsmenn séu komnir út. Ef einhvern vantar aftar hann upplýsinga um það hvar viðkomandi sást síðast í byggingunni og lætur varðstjóra slökkviliðsins vita.
- Deildastjórar fara á milli hópa og fá upplýsingar um stöðu mála í nemendahópum og upplýsa skólastjóra um stöðu mála. Skólastjóri eða staðgengill hans er tengiliður við slökkviliðið.
- Slökkviliðið kemur á staðinn. Skólastjórnandi/umsjónarmaður gefur varðstjóra upplýsingar um stöðuna.
- Slökkviliðið stýrir aðgerðum og enginn fer inn í bygginguna fyrr en varðstjóri slökkviliðsins hefur gefið skólastjóra/staðgengli eða umsjónarmanni leyfi til að hleypa fólki aftur inn.

Söfnunarsvæði fyrir leikskólastig

Sparkvöllur við leikvöll er söfnunarsvæði Stapaskóla sem er austan megin við skólann. Árgangar raða sér upp á eftirfarandi hátt:



Söfnunarsvæði fyrir grunnskólastig

Við mitt leiksvæði, sunnan megin við skólabyggingu er merkt söfnunarsvæði fyrir nemendur grunnskólastigs. Nemendur í 1. bekk raðast lengst í austur fyrir aftan klifurvegg.



Viðbrögð við flensufaraldri

Markmið viðbragðsáætlunar hvers skóla.

Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs influensu miðar að því að lágmarka áhrif influensufaraldurs og afleiðinga hans innan skólans með því að:

- Skilgreina mikilvæga verkþætti menntastofnunar og lykilstarfsmenn og staðgengla.
- Draga úr útbreiðslu faraldurs á vinnustaðnum og lágmarka smithættu.
- Styrkja nauðsynlega starfsemi innan skólans.
- Upplýsa starfsmenn, nemendur og foreldra.
- Veita nauðsynlega fræðslu.
- Eiga til samræmdar áætlanir vegna hugsanlegs samkomubanns og þar með lokunar skóla.

Verkefnisstjórn við gerð, uppfærslu og virkjun viðbragðsáætlunar

Verkefnisstjórn vegna viðbragðsáætlunar er í höndum skólastjórnenda. Skólastjóri ber ábyrgð á gerð hennar, uppfærslu og virkjun. Staðgenglar skólastjóra og/eða trúnaðarmenn í skólanum bera ábyrgð á virkjun áætlunarinnar í forföllum skólastjóra, í nánú samstarfi við skólahjúkrunarfræðing og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Upplýsingar um influensuna til starfsmanna, nemenda og aðstandenda þeirra

Skólastjórnendur upplýsa starfsmenn skólans um influensuna og útbreiðsluleiðir og hvernig draga megi úr smitleiðum, á starfsmannafundum og með tölvupósti. Foreldrar og nemendur fá upplýsingar frá stjórnendum og skólahjúkrunarfræðingi á heimasíðu skólans og með fjöldapósti gegnum Mentor. Fjölskyldur sem ekki hafa aðgang að tölvu, fá dreifibréf með upplýsingum. Grunnupplýsingar er að finna á www.almannavarnir.is sem og á www.influensa.is. Kennarar og starfsmenn eru hvattir til að ræða við nemendur, t.d. í lífsleiknitímum um hvað flensan er, hvernig hún lýsir sér og hvernig megi draga úr smitleiðum. Mikilvægt er að upplýsingar miði að því að eyða óþarfa ótta og að tekist sé á við hugsanlega vá af festu, yfirvegun og þekkingu.

Skipulag ræstingar

Skólastjóri fer yfir verkferla í ræstingu með umsjónarmanni skólans sem og verktaka. Samráð verður haft við skólahjúkrunarfræðing/HSS og munu þessir aðilar sjá um útvegum hlífðarbúnaðar. Upplýsingar um ræstingu og hlífðarbúninga má finna á www.influensa.is

Veikindi nemenda í skólanum

Foreldrar eru hvattir til að halda börnum sínum heima, veikist þau, eins og tilmæli sóttvarnarlæknis gefa til kynna. Veikist nemandi í skólanum og þarf að komast heim, verður foreldrum gert að sækja hann. Umsjónarkennarar og skrifstofustjóri sjá um að hringt sé heim til aðstandenda í slíkum tilfellum.

Veikindi skólastjórnenda

Veikist skólastjóri, tekur aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar, eða trúnaðarmenn við stjórn skólans.

Komi til lokunar skóla.

Skólastjóri og/eða aðstoðarskólastjóri auglýsa lokun skólans og gerist það á eftirfarandi hátt:

- Á heimasíðu skólans.
- Á heimasíðu Reykjanesbæjar.
- Fræðsluskrifstofa er látin vita.
- Skrifstofa þjónustuaðila strætóferða er látin vita.
- Allir starfsmenn skólans eru látnir vita.
- Tölvupóstur er sendur til allra aðstandenda nemenda á Mentor og hringt er í þá sem ekki eru með netföng og þá sem tölvupóstur skilar sér ekki til.
- Auglýsingar eru settar á alla innganga skólans.
- Nemendur, með annað tungumál en íslensku og aðstandendur þeirra, fá sérstakar leiðbeiningar.
- Túlkar eru fengnir til að aðstoða við að koma á framfæri upplýsingum á tungumáli viðkomandi.

Skólastarf í lokun

Verði mögulegt að halda úti skólastarfi með þeim nemendum sem ekki hafa veikst, sem og því starfsfólki sem ekki hefur veikst, verður það gert t.d. með því að sameina í bekki/námshópa. Reynt verður eftir fremsta megni að halda skipulagi samkvæmt stundaskrá. Þeim nemendum sem eru heima vegna veikinda verða sendar námsáætlanir í gegnum Mentor. Þeir sem ekki eru með aðgang að tölvum, fá upplýsingar um heimanám í gegnum síma. Skólastjóri og kennarar hafa samráð um slíkar áætlanir.

Umsýsla fasteigna og öryggismála meðan á lokun stendur

Skólastjórnendur/umsjónarmaður skólans fara á hverjum degi yfir skólahúsnæðið meðan á lokun stendur.

Skólastarf hefst á ný

Skólastjórnendur kanna í samráði við kennara, hvort breyta þurfi kennsluáætlunum. Áfallateymi skólans verður virkjað og verður metið hvort starfa þurfi eftir áfallaáætlun. Ákvarðanir skólans eftir faraldur verða kynntar á heimasíðu skólans og með fréttabréfi á hvert heimili. Mikilvægar upplýsingar verða sendar í gegnum Mentor og hringt er í þá sem hafa ekki virk netföng.

Röskun á skólastarfi vegna óveðurs

Þegar veðurspár gefa til kynna að óveður sé í aðsigi á Suðurnesjum fylgjast lögreglan og almannavarnir gaumgæfilega með, hafa samstarf við skólana og gefa út viðvaranir til almennings, gerist þess þörf.

Mikilvægt er að foreldrar sjálfir fylgist með veðri og veðurspám og hagi sér í samræmi við aðstæður hverju sinni.

Foreldrar leggja sjálfir mat á hvort fylgja þarf barni í og úr skóla þótt engin tilkynning hafi borist frá yfirvöldum. Meti foreldrar aðstæður svo að ekki sé óhætt að börn þeirra sæki skóla þá skulu þeir tilkynna skólanum um það og lítur skólinn á slík tilvik sem eðlileg forföll. Við slíkar aðstæður eru skólarnir opnir og þar er öruggt skjól fyrir börnin.

Viðbragðsáætlun Almannafræðis er á [heimasíðu skólans](#).